Reykjavíkurborg

Reykjavík, 12. september 2022
FAS22090016

Borgarráð

***Móavík - lóðakaup vegna göngu- og hjólastíga***

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að kaupa 10.653 m² af landi landeigenda Móavíkur, landnúmer 125732, Kjalarnesi, Reykjavík á krónur 3.462.225.

*Greinargerð:*

Reykjavíkurborg ásamt Vegagerðinni áformar breikkun Vesturlandsvegar á 9 km kafla milli Varmhóla og Hvalfjarðarvegar. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur og auka umferðaröryggi vegfarenda. Á stærstum hluta verður veginum breytt í 2+1 veg. Jafnframt verða gerð þrjú hringtorg, vegtengingum fækkað og lagðir hliðarvegir, göngu-, hjóla- og reiðstígar.

Umhverfis- og skipulagssviðs hefur óskað eftir því að Reykjavíkurborg kaupi hluta af landi Móavíkur undir göngu- og hjólastíga. Kaupverð í samningi er samtals 3.302.430 kr.- eða 310 kr. á hvern fermetra með fyrirvara um hækkun bóta fyrir hvern fermetra vegna úrskurða matsnefndar eignarnámsbóta. Samkvæmt úrskurðum matsnefndar eignarnámsbóta hækkaði matsverðið í 325 kr. á hvern fermetra eftir frágang kaupsamnings og því kaupverð samtals 3.462.225 kr.-

Óli Jón Hertervig

*Fjármála- og áhættustýringarsvið*
*Eignaskrifstofa*

Hjálagt:

Undirritaður samningur af hálfu landeigenda Móavíkur

Samið hefur:
AM Praxis ehf.
Reynir Karlsson hrl.
og lögg. fasteignasali
Sigtúni 42, 105 R.

# Samningur og afsal

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, Reykjavík, annars vegar, og undirritaðir eigendur jarðarinnar Móavíkur, landeignanúmer 125732, fasteignanúmer 2085372, Kjalarnesi, Reykjavík, hér eftir í samningi þessum nefnd landeigendur, hins vegar, gera með sér eftirfarandi samning og afsal í tengslum við gerð göngu- og hjólastíga í landi jarðarinnar í tengslum við breikkun/stækkun Hringvegar (1) um Kjalarnes, um land Móavíkur.

Með samningi þessum kaupir Reykjavíkurborg land af landeigendum vegna göngu- og hjólastígagerðar í landi Móavíkur.

Nýtt landeignanúmer ___________________Nýtt fasteignanúmer_________________

## 1. gr.

*Landeigendur.*

Landeigendur sem eru þinglýstir eigendur Móavíkur og aðilar að samningi þessum eru eftirtaldir:

| Nafn: | Kennitala: | Eignarhluti: |
|---|---|---|
| Rúna Hauksdóttir Hvannberg | 020762-2259 | 10% |
| Telma Svava Andrésdóttir | 030411-2180 | 10% |
| Guðmundur Teitur Gústafsson | 050350-2669 | 4% |
| Ólafur R. Guðmundsson | 070659-7519 | 5% |
| Hrefna Stefánsdóttir | 121186-2849 | 2% |
| Berglind Sunna Stefánsdóttir | 130588-3019 | 2% |
| Birna Stefánsdóttir | 171094-2169 | 2% |
| Sigríður Guðrún Guðmundsdóttir | 150865-4179 | 5% |
| Guðmundur Guðmundsson | 160255-5369 | 10% |
| Helga Rúna Gústafsdóttir | 170658-5829 | 6% |
| Örvar Andrésson | 050184-3319 | 5% |
| Dagbjört Andrésdóttir | 160991-2919 | 5% |
| Kristín Guðrún Ólafsdóttir | 190761-3639 | 10% |
| Rannveig Elín Beiter | 200870-4769 | 10% |
| Páll G. Gústafsson | 271043-4819 | 4% |
| Guðmundur Hermannsson | 280347-2999 | 10% |

**2. gr.**

*Land undir göngu- og hjólastíga*

Landeigendur eru sem fyrr segir þinglýstir eigendur Móavíkur, landnúmer 125732, Kjalarnesi, Reykjavík, allir saman með **100% eignarhlut í jörðinni**. Þeir láta af hendi hlut sinn í landi undir stígagerð í landi Móavíkur í tengslum við framkvæmdir við breikkun/stækkun Hringvegar um Kjalarnes.

**Heildarflatarmál lands sem skipt verður út úr jörðinni undir göngu- og hjólastíga og þinglýst á Reykjavíkurborg verður alls 10.653 m²** sbr. fylgiskjal 1, *yfirlitsmynd/uppdráttur, Hringvegur um Kjalarnes Móavík 125732 Grunnmynd Svæði undir stíga - Hnitsettur uppdráttur.*

**3. gr.**

*Verð fyrir land*

Reykjavíkurborg greiðir landeigendum 310 kr. fyrir hvern fermetra lands eða **samtals 3.302.430 kr. (10.653 m² x 310 kr.).**

Framangreind upphæð verður innt af hendi innan 15 daga frá samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Telst Reykjavíkurborg þá réttur og löglegur eigandi ofangreindrar landspildu undir göngu- og hjólastíga frá þeim degi. Upphæðin greiðist til hvers landeigenda í samræmi við eignarhlut hans í jörðinni og inn á þá reikninga sem landeigendur vísa til.

**4. gr.**

*Frágangur raskaðs lands.*

Reykjavíkurborg mun annast frágang raskaðs lands.

**5. gr.**

*Fyrirvari vegna hækkunar bóta*

Komi til þess að landeigendur sem eru aðilar að samningi þessum, fái hærra verð fyrir hvern fermetra lands frá Vegagerðinni vegna samnings síns við hana um sölu á spildu úr landi Móavíkur, vegna lagningar Hringvegar um Kjalarnes, s.s. vegna úrskurða matsnefndar eignarnámsbóta, niðurstöðu dómsstóla eða samninga við Vegagerðina, skal hækka verð fyrir hvern fermetra lands samkvæmt samningi þessum í samræmi við það, svo fyllsta jafnræðis sé gætt varðandi landverð, enda sé um sambærilegar forsendur að ræða í málunum.

**6. gr.**

*Réttarfar*

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 7.
*Undirritun og þinglýsing*

Undirrituð lýsa því jafnframt yfir að undirritanir á samningi þessum og afsali eru í fullu samræmi við 1. mgr. 64. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993, um hjúskaparstöðu, bústað fjölskyldu og húsnæði til atvinnurekstrar.

Samningi þessum og afsali skal þinglýst. Reykjavíkurborg ber allan kostnað af þinglýsingu, þ.m.t. stimpilgjöld.

Af samningi þessum eru gerð þrjú samhljóða eintök. Landeigendur munu fá sent ljósrit af undirrituðu eintaki þegar allir aðilar samningsins hafa skrifað undir hann.

Öllu framanrituðu til staðfestingar rita aðilar nöfn sín undir í viðurvist tveggja tilkvaddra vitundarvotta.

Reykjavík, maí 2022

F.h. Reykjavíkurborgar með fyrirvara um samþykki borgarráðs Reykjavíkur,

____________________________

Landeigendur:

| | |
|---|---|
| Rúna Hauksdóttir Hvannberg | Telma Svava Andrésdóttir |
| Guðmundur Teitur Gústafsson | Ólafur R. Guðmundsson |
| Hrefna Stefánsdóttir | Berglind Sunna Stefánsdóttir |
| Birna Stefánsdóttir | Sigríður Guðrún Guðmundsdóttir |
| Guðmundur Guðmundsson | Helga Rúna Gústafsdóttir |
| Örvar Andrésson | Dagbjört Andrésdóttir |
| Kristín Guðrún Ólafsdóttir | Rannveig Elín Beiter |
| Páll G. Gústafsson | Guðmundur Hermannsson |

Vottar að réttri undirskrift, dagsetningu og fjárræði:

Nafn og kennitala 220351-5239

Nafn og kennitala

Fylgiskjöl:

1. Uppdráttur/mynd Hringvegur um Kjalarnes Móavík 125732 Grunnmynd Svæði undir stíga – Hnitsettur uppdráttur.
2. Eyðublað F-550 Umsókn um skráningu nýrra landeigna í fasteignaskrá.

Fylgiskjal 1

## HNITASKRÁ PUNKTA

| | | |
|---|---|---|
| 1. | A=365877.07 | N=414502.38 |
| 2. | A=365915.90 | N=414575.84 |
| 3. | A=365938.18 | N=414578.14 |
| 4. | A=365886.76 | N=414629.28 |
| 5. | A=366001.89 | N=414599.98 |
| 6. | A=365993.57 | N=414645.68 |
| 7. | A=366047.46 | N=414710.36 |
| 8. | A=366035.10 | N=414742.50 |
| 9. | A=366016.02 | N=414735.95 |
| 10. | A=366019.60 | N=414724.71 |
| 11. | A=365867.61 | N=414733.59 |




Landmælingar: Vegagerðin
Hnitakerfi: ÍSN93 Hæðarkerfi: Landshæðarnet
Loftmyndataka og myndmæling: Loftmyndir ehf.
Flughæð: 3000m Möskvastærð: 10x10m.
Kortagerð: Vegagerðin

**MÓAVÍK - SVÆÐI UNDIR STÍGA**
Heildarflatarmál svæðis undir hjóla- og göngustíga er 10.653 m².

0 20 40 60 80 100m

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vegagerðin | | Hringvegur um Kjalarnes | Dags. 7.09.2021 |
| Mælikvarði 1:100.000 1:2.000 | Hannað - | Móavík - L125732 | Útboðsnr. - |
| | Teiknað MO | Grunnmynd | Vegnr. 1-f5 |
| | Yfirfarið - | Svæði undir stíga | Hönnunarstig grg |
| Blaðstærð A4 | Samþykkt - | | Teikn. nr. W-56 Útg. A |

S:\Mannvirki\11-f\1_f5_f7 2+1 vegur um Kjalarnes\01 Grunngögn\Landakaup\1-f5_srá_Þinglýsingateikningar_ 2019\1-f5_srá_Þinglýsingateikningar_2021_08.21_Útgáfa B.dgn